

## Greinargerð vegna útgáfu starfsleyfis fyrir

### Náttúru fiskirækt ehf., Þorlákshöfn

Náttúru fiskirækt ehf. hefur verið veitt starfsleyfi fyrir framleiðslu á bleikju og rekstur sláturhúss á eldisstað til eigin nota. Starfsleyfið veitir leyfi til að framleiða allt að 1.200 tonn af bleikju. Starfsleyfið gildir til 31. desember 2029.

Umhverfisstofnun auglýsti opinberlega tillögu að starfsleyfi á tímabilinu 12. desember 2013 til 6. febrúar 2014.

Tillagan var auk opinberrar auglýsingar, sérstaklega send til umsagnar hjá sveitarfélaginu Ölfusi, Skipulagsstofnun, Fiskistofu, Heilbrigðisnefnd Suðurlands og Náttúru fiskirækt ehf. Eins og kom fram í frétt Umhverfisstofnunar þegar starfsleyfistillagan var auglýst, lá fyrir afstaða Heilbrigðisnefndar áður en auglýsing hófst, að fyrirkomulag núverandi fráveitna sé eins gott og kostur sé á og að illmögulegt sé vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. greinar reglugerðar nr. 798/1999.

Útgáfa leyfisins tafðist lítillega á meðan beðið var eftir því að rekstraraðili gengi frá neyðaráætlun og áætlun vegna rekstrarstöðvunar, auk viðbragðsáætlunar.

### Athugasemdir umsagnaraðila og svör Umhverfisstofnunar:

Umsagnir og athugasemdir komu frá þremur aðilum á auglýsingatímanum. Eftirfarandi kom fram:

- Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ákvæði tillögunnar en bendir á að skv. 2. tl. 9. gr. gildi að veiti eigi skólpi sem rennur til sjávar minnst 5 m niður fyrir stórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum, nema slíkt sé ókleift sökum landfræðilegra aðstæðna.
  - Eins og fram kemur hér að framan fékkst afstaða Heilbrigðisnefndar Suðurlands um þetta efni áður starfsleyfistillagan var auglýst og þess var reyndar getið í frétt Umhverfisstofnunar á heimasíðu stofnunarinnar þegar starfsleyfistillagan var auglýst.
- Skipulagsstofnun segir að athygli vekji að í grein 2.4 komi ekki fram að uppfylla þurfi ákvæði reglugerðar 798/1999.
  - Leyfistextanum hefur verið breytt og nú er vitnað í reglugerðina í grein 2.4.
- Heilbrigðisnefnd Suðurlands fór yfir tillöguna og gerir ekki athugasemdir.
  - Umsögnin kallar ekki á viðbrögð Umhverfisstofnunar.
- Í umsögn f.h. bæjarstjórnar Ölfuss kemur fram að hún gerir ekki athugasemdir við að starfsleyfi verði veitt fyrir 1.200 tonna framleiðslu og slátur og vinnsluhús á lóðinni.
  - Umsögnin kallar ekki á viðbrögð Umhverfisstofnunar.

### Breyting sem Umhverfisstofnun gerði frá auglýstri tillögu:

Umhverfisstofnun breytti einnig grein vegna tilvísunar í ný efnalög og raðaði grein um eftirlit í 1. kafla leyfisins, sem áður var í 4. kafla. Þá voru gerðar smávægilegar breytingar til að gera kröfur skýrari og til samræmis við önnur starfsleyfi.